



Umsókn um skólaakstur

Geymið umsóknina – skilist á skrifstofu FSN

Með þessari umsókn sækir undirrituð/-aður um skólaakstur með rútu á vorönn 2020.

- Snæfellsbæ
- Stykkishólmi

Vinsamlega skilið umsókninni á skrifstofu skólans **7. janúar** og greiðið 12.000 kr. staðfestingargjald fyrir vorönn 2020

Gjaldið þarf að berast í síðasta lagi **þann 10.01.2020**.

Reikningur skólans: 0191-26-000645, kt. 470104-2010 kr. 12.000,-
Ekki er hægt að greiða rútukort á skrifstofu heldur aðeins hægt að millifæra.

Nemendur munu fá tölvupóst frá skólaritara þegar rútukortin eru tilbúin. Frá og með **15. janúar** verða þeir sem ekki hafa rútukort meðferðis rukkaðir um 600 kr. gjald fyrir staka ferð (1.200 kr. fram og til baka). Gjald þetta greiðist á skrifstofu skólans eða millifærist á reikning skólans.

Við viljum hvetja ykkur kæru nemendur til að nýta rúttuna því eins og allir þekkja geta veður verið válynd á milli þéttbýlisstaðanna hér á Snæfellsnesi. Það er einnig vitað að þeir sem ferðast með vel búnum skólabílum eru öruggari en ella.

Þá má nefna að því fylgir mun minni kostnaður að taka þátt í skólaakstrinum heldur en að reka einkabíl þar sem rekstur einkabifreiða hefur hækkað verulega að undanfögnu.

Samgöngur er ein af aðaluppsprettum losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi auk þess að hafa neikvæð áhrif á loftgæði. Að nota almenningssamgöngur minnkar útblástur gróðurhúsalofttegunda ef það dregur úr notkun einkabílsins.

Greiðsla staðfestingargjaldsins felur í sér umboð til að láta styrkinn fara í það að standa straum af kostnaði við skólaaksturinn. Nemendur eru einnig skuldbundnir til þess að sækja um jöfnunarstyrk til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Greiðsla styrksins er háð því að viðkomandi nemandi skili sér til prófs í a.m.k. 12 námseiningum eða 20 nýjum einingum.

(nemandi, kennitala)

(forráðamaður nemanda yngri en 18 ára)